

SAMTÖK FJÁRFESTA

almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda

Alþingi
Erindi nr. P 125/1341
komudagur 30.3. 2000

Skrifstofa: Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík
PÓSTHÓLF 1741, 121 REYKJAVÍK
Sími: 575 1777 Fax: 551 1333

29. mars 2000.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Þórshamri v/ Templarasund, 150 Reykjavík.

Samtök fjárfesta hafa móttengið bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 23. mars s.l., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti og á lögum um verðbréfasjóði. Út af því taka samtökin eftirgreint fram:

Þau telja þá breytingu á lögnum tímabæra, sem felst í því að þeir starfsmenn fyrirtækis í verðbréfabjónustu sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr. laganna, skuli hafa lokið prófi í verðbréfamiðlun. Jafnframt að fallið sé frá þessari almennu kröfu varðandi framkvæmdastjóra fyrirtækja í verðbréfabjónustu, enda gert ráð fyrir tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins og samþykki þess í þessu sambandi.


Þá telja samtökin mikilvæg ákvæði frumvarpsins um styrkingu aðskilnaðar einstakra starfssviða betur en nú er til að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra í starfsemi fyrirtækja í verðbréfabjónustu. Er það gert m.a. með því að Fjármálaeftirlitið staðfesti verklagsreglur fyrirtækjanna, sem miða að því að tryggja þennan aðskilnað. Samtökin hafa orðið vör við tortryggni í garð fyrirtækja í verðbréfabjónustu að þessu leyti og ber brýna nauðsyn til að draga úr henni.

Samtökin eru samþykkt þeirri breytingu, að krafa um starfsábyrgðatryggingu verði einungis lätin ná til verðbréfamiðlana en ekki verðbréfafyrirtækja. Samtökunum þykir þó fjárhæðamörk starfsábyrgðatrygginga verðbréfamiðlana of lág, eins og þau eru nú, sé litið til ábygðar þeirra.

Samtökin telja eðlilegt að þau eigi sæti í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálaafyrirtæki. Nefndin hefur vandasamt verkefni með höndum og ekki verður séð að frá neinum sé tekið með þátttöku samtakanna í henni.

Samtökin gera að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpsdrögin og mæla því með því að frumvarpið nái fram að ganga hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Jón L. Arnalds